



Ítarlegra ræstingarferli Airbnb

Stuttur leiðarvísir um
fimm skrefa ferlið



Hreinlætið er ofar öllu

Settu á þig grímu og farðu í hanska. Nú er komið að því að setja hreinlætið á oddinn.

Við höfum samið fimm skrefa ferli með leiðsögn helstu heilsu- og heilbrigðissérfræðinga til að hjálpa við þrif og hreinsun á hverju hólfi og gólfi eignarinnar.

Mundu að gefa þér nægan tíma fyrir þrif eða um 45 mínútur fyrir hvert herbergi.

Hvernig leiðarvísirinn er notaður

Þessi stutti leiðarvísir er sjónrænt yfirlit yfir það sem þarf að gera til að þrifa og hreinsa fasteignir. Gott er að hafa hann til viðmiðunar í símanum.

Þú getur sótt handbókina ef þig vantar ítarlegar leiðbeiningar til að prenta út fyrir þig og/eða ræstingateymið þitt.

Skrefin fimm

1. Undirbúningur
2. Þrif
3. Hreinsun
4. Yfirferð
5. Endurstilling

1. skref: Undirbúðu þig fyrir öruggari þrif



1. skref: Undirbúðu þig

- ✓ Bíddu eins lengi og ráðlagt er áður en þú ferð inn í eignina (skoðaðu staðbundnar viðmiðunarreglur)
- ✓ Þvoðu hendurnar í að minnsta kosti 20 sekúndur með sápu og heitu vatni
- ✓ Áður en þú ferð inn skaltu setja á þig grímu, svuntu, hanska og skóhlífar (ráðlagt)
- ✓ Loftaðu út með því að opna glugga og kveikja á öllum viftum
- ✓ Safnaðu saman nauðsynlegum búnaði eins og ryksugum, moppum o.s.frv.
- ✓ Safnaðu saman þeim hreinsivörum sem taldar eru upp, þ.m.t. sótthreinsiefni viðurkennd af eftirlitsstofnunum




Hugum fyrst að öryggi. Yfirfarðu leiðbeiningar fyrir hreinsiefni.

Fyrst er þrifið og svo er hreinsað



Þrif lýsa því að fjarlægja sýkla og óhreinindi af yfirborðum. Til dæmis þegar þurrkað er af eldhúsborði eða eldavél með sápusvampi.



Hreinsun felur í sér notkun efna til að minnka magn baktería og sýkla. Til dæmis með því að úða sótthreinsiefni á mikið snert yfirborð eins og hurðarhúna.

2. skref: Þrífðu

ryk og rusl



2. skref: Þrífðu


- ✓ Tæmdu allar sorptunnur og settu nýja poka í þær
- ✓ Þvoðu allt lín við hæstu hitastillingu sem mælt er með
- ✓ Þvoðu alla diskka og taktu úr uppþvottavélinni eða tæmdu vaskinn
- ✓ Þurrkaðu ryk af öllum gólfum, sópaðu þau eða ryksugaðu
- ✓ Þrífðu öll hörð yfirborð með sápu og vatni
- ✓ Fylgdu leiðbeiningum framleiðanda til ná burt blettum af mjúku yfirborði



Það er erfitt en passaðu þig að snerta ekki andlitið við ræstingar.

3. skref: Hreinsaðu

burt ryk og rusl



3. skref: Hreinsaðu

- ✓ Þegar yfirborðið er orðið hreint þarf að úða á það eða þurrka af því með viðurkenndu sótthreinsiefni
- ✓ Láttu sótthreinsiefnið verka og vera blautt eins lengi og tilgreint er á merkimiða framleiðanda
- ✓ Láttu það þorna af sjálfu sér
- ✓ Þegar þurrkur eru notaðar skal nota eina þurrku á hvert yfirborð



Edik er sterkt en bakteríur eru sterkari. Eftirlitsstofnanir hafa ekki viðurkennt náttúruleg sótthreinsiefni.

4. skref: Yfirfarðu mikið snerta fleti



4. skref: Yfirfarðu

- ✓ Gakktu úr skugga um að mikið snertir fletir hafi verið hreinsaðir (sjá listann hér að neðan)
- ✓ Yfirfarðu kröfur fyrir hvert herbergi
- ✓ Athugaðu hvort sinna þurfi viðhaldi eins og að skipta út ljósaperum
- ✓ Athugaðu hvaða hreinsi- eða sótthreinsiefni þarf að fylla á

5. skref: Endurstilltu herbergið



5. skref: Endurstilltu

- ✓ Þvoðu hendurnar og farðu í hreina hanska áður en þú fyllir á vörur fyrir gesti, handklæði eða rúmföt
- ✓ Lokaðu dyrunum, sótthreinsaðu hurðarhúninn og ekki fara aftur inn í þetta rými eftir hreinsun
- ✓ Fargaðu á öruggan hátt, eða þvoðu, hreinsiefnum og hlífðarbúnaði
- ✓ Útvegaðu hreinsipakka fyrir gesti með hlutum eins og pappírspurrkum, sótthreinsiefnum og aukahandsápu
- ✓ Prentaðu út ræstingaryfirlitið til að skilja eftir fyrir gesti
- ✓ Stígðu skref til baka og dástu að því sem þú hefur lagt á þig

Gestir hafa sagt okkur að þeir vilji hafa hreinsivörur við hendina meðan á dvöl þeirra stendur. Íhugaðu að skilja eftir hreinsipakka fyrir gesti með vörum sem þú treystir og mundu að taka það fram í skráningarlýsingunni.

Þetta verður ekkert mál.

Mikið snertir fletir

- Hurðarhúnar og handföng
- Ljósarofar
- Fjarstýringar
- Borð
- Viftur
- Lampar
- Gluggasillur og handföng
- Lyklar og lyklabox
- Handrið
- Sorptunnur og endurvinnslutunnur
- Vaskar
- Tæki
- Salt- og piparstaukar
- Eldhúsáhöld
- Stólar
- Salerni
- Sturtur og baðker
- Sturtuhengi og -hurðir
- Sjampó, hárnæring og handsápa
- Hárpurrka
- Móttökubók fyrir Airbnb

Þetta verður ekkert mál.

Vertu með nóg af þessum vörum

- Hreinsiefni fyrir margs konar yfirborð
- Sótthreinsiefni fyrir margs konar yfirborð
- Glerhreinsilögur
- Klór
- Þvottaefni
- Blettahreinsir
- Uppþvottavéladuft
- Teppahreinsiefni
- Gólfhreinsiefni
- Húsgagna-/viðarbón
- Ofnhreinsiefni
- Ofnfituhreinsir
- Mygluhreinsir (ef þörf krefur)

Þessar leiðbeiningar eru einföld samantekt á handbókinni. Þær eru ekki ítarlegar og þær ætti ekki að nota án þess að lesa alla handbókina fyrst. Í henni eru mikilvægar viðbótarupplýsingar um ræstingar, ítarlegri ræstingarreglur Airbnb og aðrar yfirlýsingar frá Airbnb. Vinsamlegast farðu að leiðbeiningum stjórnvalda á staðnum ef þær hafa verið gefnar út. Handbókin er gefin út án ábyrgðar, hvort sem um er að ræða heilleika hennar, skilvirkni eða nokkuð annað. Ef þú ákveður að fylgja reglunum staðfestir þú að þú gætir þurft að gera frekari ráðstafanir til að vernda þig, teymi þín og gesti og að þú eða gestir þínir gætuð samt komist í snertingu við og/eða fengið smitsjúkdóm, þ.m.t. COVID-19, jafnvel þótt farið sé að leiðbeiningunum í þessari handbók. Airbnb ber ekki ábyrgð á nokkru líkamstjóni eða nokkrum sjúkdómi sem stafar af því að fylgja þessum leiðbeiningum.